

Kjarasamningur
milli
Sam-félagsins ehf
og
Rafiðnaðarsambands Íslands/FSK

1.gr.

Síðasti gildandi kjarasamningur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2009.

2.gr

Á gildistíma samnings þessa breytast launataxtar kjarasamnings sem hér segir:

1. febrúar 2009 4%

Hækkun sem tengist hækkunum á almennum vinnumarkaði í kjölfar úrskurðar Endurskoðunarnefndar ASÍ og SA koma einnig til framkvæmda í þessum samningi

1. janúar 2010 kr. 8.000

3.gr

Frá gildistöku samningsins greiða kvikmyndahús 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

4.gr.

Orlofs- og desemberuppbót verður á samningstímanum sem hér segir:

Árið 2009 kr. 48.000

Árið 2010 kr. 50.000

5. gr.

Ákvæði um veikindi barna hljóði svo:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá kvikmyndahúsum er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.



Með foreldri í I. mgr. er einnig átt við fösturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

6. gr.

Framlenging samnings



Komi til þess að forsendunefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar um framlengingu kjarasamninga í byrjun febrúar 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamningum skal sama gilda um þennan samning.

Komist forsendunefndin að þeirri niðurstöðu að forsendur hafi ekki staðist og nái ekki samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum febrúar 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

Reykjavík, 2. mars 2009

F.h. Sam-félagsins Ehf

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands/FSK



Bókun

Við undirritun samnings fá allir starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi frá 1. febrúar 2008 eingreiðslu að upphæð 30.000 kr. Aðrir fá hlutfallslega greitt samkv. starfstíma.

Bókun

Aðilar þessa samnings eru sammála um að skipuð verði samráðsnefnd með tveim fulltrúum frá hvorum aðila.

Hlultverk nefndarinnar verður að skoða þróun grunnlauna þessa samnings í samanburði við þróun lágmarkslauna í sambærilegum kjarasamningum RSÍ.

Nefndin skal skila tillögum á samningstímanum.

